

Námsáætlun fyrir íslensku - 9. bekkur
Skólaárið 2025-2026



Kennari: Særún Rósa Ástþórsdóttir

Tímafjöldi: 5 kennslustundir á viku (2 kennslustundir í viku falla undir Bræðing).

Námslotur	Hæfniviðmið	Kennsluhættir/leiðir	Námsmat
Skapaðu og skrifaðu	Nemandi geti Skrifað texta þar sem efnisatriðum er skipað í röklegt samhengi, góður þráður er á milli efnisgreina og kaflaskipting er skýr. Samið fjölbreyttan texta til að tjá hugmyndir, skoðanir, reynslu og sköpunarkraft og endurbætt með hliðsjón af gagnrýni og hjálpargögnum. Beitt helstu atriðum stafsetningar og greinamerkjasetningar og notað til þess reglur um réttritun og önnur hjálpartæki. Tjáð hugsanir sínar, hugmyndir og tilfinningar á skipulegan, skýran og viðeigandi hátt. Áttað sig á og beitt sköpunarmætti tungumálsins og nýtt það m.a. við ritun, tal, nýyrðasmíð, í orðaleikjum og skáldskap. Tekið leiðsögn og gagnrýni á uppbyggilegan hátt.	Unnið með fimm meginreglur í ritun; efnisgreinar, lengd málsgreina, notkun hástafa, yfirllestur og uppsetning. Ritunaræfingar af ýmsum toga þar sem texta er skipt í efnisgreinar og unnið með hugtökin inngangur, meginmál og lokaorð. Nemendur prófa sig áfram við skapandi skrif með ritun ýmiss konar texta og textagerða. Nemendur afla upplýsinga um ákveðið málefni, segja frá með eigin orðum og vísa í heimild með vefslóð. Nemendur nýta vefforritið Málfríður við réttritun og yfirllestur. Nemendur vinna með ritunarverkefni sín í samtali og samráði við kennara, leiðrétta málfar, stafsetningu og málfræði.	Ritunaræfingar. Áhersla á sköpun, samhengi og frágang. Fernuflug MS, Hvað er að vera ég? Hugarkort og ritun. Fræðitexti um valið efni

Lesskilningur	Nemandi geti Greint og skilið aðalatriði og aukaatriði í margs konar texta og glöggvað sig á tengslum efnisatriða. Valið og beitt fjölbreyttum lestraraðferðum sem hæfa tilgangi og viðfangsefni hverju sinni. Skilið og fjallað um fjölbreytta texta, greint þá og borið saman á margvíslegan hátt og lagt rökstutt, gagnrýnið mat á inntak þeirra og eiginleika.	Lesskilningur efldur með markvissum æfingum og textum af Skólavefnum (Litabækurnar).	Lesskilningsáætlun, verkefni úr Litabókunum. Lesskilningskannanir. Lesfimipróf.
Lestur og orðaforði	Valið og lesið sér til gagns og ánægju fjölbreytta texta, unnið með efni þeirra á fjölbreyttan hátt og miðlað til annarra. Áttað sig á fjölbreyttum tilbrigðum í orðaforða og málnotkun og beitt mismunandi málsniði eftir efni og tilefni í ræðu og riti	Umræða um val á bókum fyrir yndislestur	Orðaforði í yndislestri Spurningakönnunin Hvernig lesari er ég? lögð fyrir nemendur, umræða um bókaval nemenda í frjálsbókalestri.
Ljóð og tónlist	Nemandi geti Flutt mál sitt skýrt og áheyrilega og hefur tileinkað sér viðeigandi talhraða og fas. Horft á, hlustað og tekið eftir upplýsingum í fjölbreyttu efni og greint og miðlað innihaldi þess á gagnrýnninn hátt. Miðlað þekkingu sinni og reynslu, tjáð hugmyndir sínar og skoðanir og	Nemendur lesa ýmiss konar ljóð valin af kennara. Greina ljóð í sameiningu með aðstoð kennara og fá þjálfun í beitingu hugtaka í bragfræði og myndmáli. Málæði, myndbönd og þættir. Ljóð og lagatextar lesnir með nemendum. Nemendur prófa sig áfram við að semja lag við ljóð, segja frá í kynningu.	Textaverkefni – lag við ljóð Kynning á ljóðaverkefni.

	fært rök fyrir þeim með fjölbreyttum leiðum. Notað algeng bókmenntahugtök í umfjöllun um bundið mál og óbundið, lesið og túlkað ljóð af ýmsum toga og frá ýmsum tímum.		
Málfræði	Nemandi geti Nýtt fjölbreytt hjálpartæki til að afla sér upplýsinga um tungumálið og styðja við notkun þess. Áttað sig á beygingarlegum og merkingarlegum einkennum orðflokka og gert sér grein fyrir hlutverki þeirra í eigin texta og annarra.	Innlögn og upprifjun frá kennara; helstu orðflokkar, beygingar og einkenni orðflokka. Vinna æfingar af Málið í mark Nemendur undirbúa Kappsmál og nýta til þess rafrænar orðabækur.	Kappsmál – keppni og leikir í litlum hópum og bekkjarkeppni. Málfræði-Alias. Málfræðiupplýsingar af malid.is í orðaforðaverkefni (yndislestur)
Lestur og bókmenntir	Nemandi geti Lesið, túlkað, metið og fjallað um íslenskar og erlendar bókmenntir. Valið og skrifað mismunandi textagerðir sem hæfa viðkomandi verki og beitt mismunandi orðaforða og málsniði við hæfi. Hlustað, tekið eftir og nýtt sér upplýsingar í töluðu máli til fróðleiks og skemmtunar og gert grein fyrir skoðun sinni á viðkomandi efni. Unnið með öðrum og tekið á jákvæðan hátt þátt í samskiptum og lagt sitt af mörkum í uppbyggilegu samstarfi sem tengist námi	Bókin Indjáninn verður lesin í íslensku- og bræðingstímum að vori. Ýmis verkefni unnin í tengslum við bókina.	Verkefni tengd bókinni Indjáninn

Námsgögn:

Indjáninn, Litabækurnar á Skólavefnum, Málið í mark (sagnorð). Námsefni um ritun unnið upp úr Ritunarvefnum (MMS), ritunaræfingar, ljóð og verkefni frá kennara.

Lokanámsmat:

Að ofan er búið að lista upp þau hæfniviðmið sem verður unnið með þetta skólaár. Nemendur fá endurgjöf í formi bókstafa fyrir hvert hæfniviðmið og safna þannig á hæfnikort sitt. Í lok skólaárs verður hæfnin tekin saman og nemendur fá bókstarfseinkunn í lok skólaárs A, B+, B, C+, C, D.